

að svo miklu leyti sem þau geta haft þýðingu fyrir úrslit málsins, að vera fullkomlega upplýst, þegar hin áfrýjanda uppboðsgjörð fór fram, og að öðru leyti virðast þau eigi geta haft verulega þýðingu fyrir úrslitin. Stefnda verður því ekki veittur frestur til 5. júlímán., sem hann hefur bedið um, en með samþykki áfrýjanda veitist honum 14 daga framhaldsfrestur til andsvara.

Fyrir því úrskurðast:

Stefnda sýslumanni Magnúsi Torfasyni veitist 14 daga framhaldsfrestur í málinu, en að öðru leyti verður beiðni hans ekki tekin til greina.

Mánudaginn 10. maímánaðar.

Nr. 12/1897:

Rjettvísín

gegn

Jens Kristjánssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Ísafjardarkaupstaðar 25. nóvbr. f. á. var hinn ákærði Jens Kristjánsson sjómaður á Ísafirði dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. sbr. 40. gr. almennra hegningarlaga í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns í hjeradi cand. Gríms Jónssonar 7 krónur. Þessum

dómi er af hlutadeigandi amtmanni fyrir rjettvísinnar hönd áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, löglega sannað, að 24. sept. f. á. stal hann frá öðrum manni 5 eða 6 tveggja króna ávisunarsedlum upp á vörur úr Tangs-verzlun á Ísafirði, eða samtals 10—12 króna virði, og hagnýtti sjer þá að mestu leyti til vinfangakaupa þann dag og næsta dag. Nánari atvik að þjófnadinum voru þau, að greindan dag, 24. sept. f. á., kom ákærði nokkuð kenndur upp í þilskipið Ísfirðing, sem stóð uppi í fjörunni á Ísafirði, og bað Skúla nokkurn Jónsson, sem þar var fyrir í skipinu og hjelt þar þá til, að gefa sjer í staupinu. Tók Skúli þá upp hjá sjer 1 tveggja-króna vörusedil og fjekk ákærða til að kaupa fyrir 2 flöskur af brennivíni, en ljet þá vörusedla, sem eptir voru, 5 eða 6, innan í brjósthlíf, sem hann vafði saman og ljet í vasa innan á treyju sinni. Jens keypti síðan brennivínið, og drukku þeir Skúli það upp ásamt 2 öðrum mönnum, er þar voru staddir hjá þeim. Þegar brennivínið var búið, voru þeir ákærði og Skúli einir eptir í skipinu og lögðust fyrir og sofnuðu í sama rúminu og lá ákærði fyrir ofan. Ákærði vaknaði eptir litla stund og tók þá sedlana frá Skúla, annaðhvort úr vasa hans, eins og Skúli hefur borið, eða af stól við rúmið, eins og ákærða minnur, og fór burtu. Ákærði kom nokkru eptir þetta til ekkju nokkurrar á Ísafirði og var hann þá að hennar sögu mjög drukinn, og um kvöldið var

hann út úr drukkinn borinn út úr húsi hennar. Um nóttina svaf hann hjá Skúla Jónssyni í sama rúminu og um daginn. Þegar þeir vöknudu um morguninn eptir, saknadi Skúli seðlanna og spurði ákærða eptir þeim; en hann svaraði þá, eptir því sem Skúli segir: »Þú varst að tala um að biðja einhvern fyrir þá«. Vildi ákærði svo ekki meira við Skúla tala og fór burtu. Var ákærði í drykkjuslarki einnig þenna dag allan, en daginn eptir var hann handsamaður.

Ákærði hefur frá unga aldri verið hneigður til drykkjuskapar og fjekk fyrir nokkrum árum »apoplektist tilfelli«, orsakað af hamslausri ofnautn áfengis, og hlutadeigandi hjeradslæknir hefur vottað, eptir beiðni verjanda hins ákærða í hjeradi, að ákærði hafi síðan verið atorkuminni, sljófari og minnisminni, og virðist svo sem hann geti lítið hugsað eða munað, þá er hann verði ölv-
 áður. Bæði með tilliti til þessa og þar sem ákærða eigi áður hafi verið borin nokkur óvöndun til orða eða verka, álítur hjeradslæknirinn það líklegt, að ákærði hafi lítið af sjer vitað, er hann framdi þjófnaðinn, eða að honum hafi eigi verið ljóst, hvað hann aðhafðist. Þegar lítið er til þessarar veiklunar ákærða og það athugað, að hann hefur vafalaust verið töluvert drukkinn, er hann framdi afbrot sitt. Þykir rjett, að láta hann sæta vægari hegningu fyrir brotið en hinni lögákvednu, en á hinn bóginn virðist öll framkoma hans og önnur atvik í málinu benda til þess, að hann hafi verið sjer þess meðvitandi, að hann gjörði sig sek-

an í glæp, þegar hann framdi verknáðinn, og getur hann fyrir því ekki komizt hjá refsingu fyrir hann.

Refsing ákærða, sem kominn er langt yfir lögdalur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, er samkvæmt ofanrituðu rjettilega ákveðin af undirdómaranum eptir 230. gr. sbr. 40 gr. almennra hegningarlaga, og álizt hún hæfilega metin 6 daga einfalt fangelsi. Þar sem ákærði hefur endurgoldið eigandanum ávisunarseðla þá, er hann stal frá honum, er eigi um iðgjöld að ræða í málinu. Um málskostnað á undirrjettardómurinn að standa óraskadur, og ber því að staðfesta dóminn með greindri breytingu á refsingunni. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu laun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið víta-
laus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Jens Kristjánsson sæti 6 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á auka-
rjettardómurinn að vera óraskadur. Svo greiði ákærði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfir-
rjettarmálflytningu Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. maímánadar.

Nr. 40/1896:

Mattias Ólafsson

gegn

Sigurði Jóhannesi Gíslasyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Dalasýslu, uppkveðnum 9. júní f. á., var áfrýjandinn Mattias Ólafsson á Orrahóli dæmdur til að greiða stefnda Sigurði Jóhannesi Gíslasyni á Liltu-Tungu 76 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og allan af málinu »löglega leiðandi kostnað«. Dómi þessum hefur Mattias Ólafsson skotið til yfir dómsins með stefnu, dags. 30. nóv. f. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kröfum stefnda, eða til vara að hann verði eigi dæmdur til að greiða áfrýjanda meira en 76 kr. ÷ 55 kr. = 21 kr.; svo hefur hann og krafizt málskostnaðar. Stefndi Sigurður Gíslason hefur á hinn bóginn krafizt þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum.

Í fardögum 1895 fluttist áfrýjandinn frá jörðinni Litlu-Tungu í Fellsstrandarhreppi, en hinn stefndi flutti að jörðinni; áfrýjandinn átti þá að skila stefnda 12 kúgildisám, sem fylgdu Litlu-Tungu. Áfrýjandi skýrir nú svo frá, að það hafi